

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 9/2000**

**frá 28. janúar 2000**

**um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/1999 frá 25. júní 1999<sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1399/1999 frá 29. apríl 1999 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1408/71 um beiingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EB) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1408/71<sup>(2)</sup> skal feld inn í samninginn.
- 3) Með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1399/1999 er VIII. viðauka bætt við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1408/71. Að því er varðar samninginn er nauðsynlegt að í VIII. viðauka sé einnig vísað til Íslands, Liechtenstein og Noregs.
- 4) Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/1999 frá 26. mars 1999<sup>(3)</sup> voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi á þáttöku EFTA-ríkjanna í framkvæmdaráði um félagslegt öryggi farandlaunþega, sem um getur í VI. viðauka við samninginn, þannig að tekið er mið af þáttöku EFTA-ríkjanna í tækniráðinu sem starfar í tengslum við framkvæmdaráðið. Uppfæra ber aðlögun á tilteknun sviðum, II. lið, með tilliti til VI. viðauka við samninginn til þess að unnt sé að gera ráð fyrir fyrmefndri þáttöku.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1408/71) í VI. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við á undan aðlögunarlíðunum:

,,- 399 R 1399: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1399/1999 frá 29. apríl 1999 (Stjórið. EB L 164, 30.6.1999, bls. 1).“
2. Eftirfarandi aðlögunarlíður bætist við á eftir aðlögunarlíðu:

,,v) Eftirfarandi bætist við VIII. viðauka:

P. ÍSLAND

Engin

Q. LIECHTENSTEIN

Engin

R. NORÐUR

Engin.“

*2. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 574/72) í VI. viðauka við samninginn:

- ,- 399 R 1399: reglugerð ráðsins (EB) nr. 1399/1999 frá 29. apríl 1999 (Stjórið. EB L 164, 30.6.1999, bls. 1).“

*3. gr.*

Í aðlögun á tilteknun sviðum, II. lið, með tilliti til VI. viðauka við samninginn komi „réttindi þau og skyldur sem endurskoðunar-

(1) Stjórið. EB L 296, 23.11.2000, bls. 37 og EES-viðbætir við Stjórið. EB nr. 54, 23.11.2000, bls. 62.

(2) Stjórið. EB L 164, 30.6.1999, bls. 1.

(3) Stjórið. EB L 266, 19.10.2000, bls.20 og EES-viðbætir við Stjórið. EB nr. 46, 19.10.2000, bls. 95.

nefndinni og tækniráðinu, sem bæði starfa í tengslum við fyrnefnt framkvæmdaráð, hefur verið falið“ í stað „réttindi þau og skyldur sem endurskoðunarnefndinni, sem starfar í tengslum við fyrnefnt framkvæmdaráð, hefur verið falið.“

*4. gr.*

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1399/1999 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

*5. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. janúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*)).

*6. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. janúar 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*F. Barbaso*

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.